

## Veðráttulýsingar sr. Jens V. Hjaltalín

Veðráttulýsingar voru skrifaðar af prestum á Íslandi til að halda saman vitneskju um veðurfar frá ári til árs og almennum upplýsingum um mannlíf í sveitum. Sr. Jens skrifaði oftast frá 1. vetrardegi til sumars hvert ár. Seinni árin vék hann frá þeirri reglu og til eru færslur sem ná fram að slætti og frá réttum að hausti. Eftir aldamótin 1900 breytast dagbækurnar og er þá misjafnt milli ára hvaða málefni hann leggur áherslu á. Stundum er það veiðin á vorin, stundum kirkjusóknin.

Sr. Jens notaði stílabækur með mjóu línubili eða engu og oft varð hann að nota pappír sem hann braut í hefti og skar upp. Skriftin er smá og vel gerð. Stafsetning á lýsingunum er misjöfn enda engar samþykktar reglur til. Sr. Jens er þó nokkuð samkvæmur sjálfum sér en tekur smátt og smátt upp nýjan rithátt eftir því sem tíðarandinn ýtir undir.

Margt er týnt sem eftir sr. Jens liggur og annað er í fórum fólks sem vildi gæta viðkvæmra heimilda fyrir skemmdum og glötun. Þannig bárust bókasafninu nokkrar dagbækur sem höfðu verið teknar til handargagns og þurrkaðar og geymdar á öruggum stað þar til bókasafn í Eyrarsveit kæmist í þá aðstöðu að geta varðveitt þær sómasamlega.

Ljósrit eru til á Bókasafni Eyrarsveitar af þessum árgöngum veðráttulýsinganna og svo ævisögu sr. Jens sem hann skrifaði um 1930, þá orðinn háaldrður. Ævisagan var vélrituð upp af Jóni Svani Péturssyni og hefur nýlega verið færð á tölvutækt form.

Bókasafn Grundarfjarðar á ljósrit af veðráttulýsingum og minnisblöðum sr. Jens sem varðveitt eru á Landsbókasafni Íslands:

1873: 27/10-31/10 og 1/11-15/11	Messugjörðir og veður
1882: 20/4-8/5	Reikningauppgjör
1884: 28/3-18/4	Kofnareikningur
Ártal?: 10/3-20/3 og 23/3-27/3	Hrognkelsaveiði
Ártal?: 6/3-24/4	o.fl.
1908-1913	

Hér má lesa veðráttulýsingar sem birtust í vikublaðinu Þey í Grundarfirði árin 1998-2001. Valin var athyglisverð færsla þeirrar viku sem samsvaraði nútímanum. Í afritunum þessum er kosið að láta hallandi letur halda sér í fyrirsögnum og skýringum afritara innan sviga. Athugasemdir sem sr. Jens skráði smáu letri eru hér sýndar með smærra hallandi letri. Stafsetning og greinamerki eru að mestu eins og sr. Jens voru töm og uppsetning áþekk og í dagbókunum.

Hægt er að skoða ljósritin hvenær sem er en frumritin eru geymd í tryggri geymslu.

# 1885-1886

*Fimmtudagur 12. Nóvember*

*20. dagur vetrar, 20. dagur Gormánaðar.*

Allan daginn út í gegn norðan ösku garður með 2 gráða frosti, og helsvörtum byl og skafmold seinnipart dags allan svo stundum gryllti ekki út á sjóinn. Kristján Gíslason kom hjer; var að fara fram í Vindás að taka útsvar hjá Jakob (14 kr) með ... . Með honum skrifað bréf til Ásmundar og Pettr um spítuna. Hann rak 2 lömb til baka frá Jakob. Hann sagði mér, að útsvarsseðill minn væri kominn í Stekkjartröð. Vindáshestarnir voru hjer 5 alla nóttina á undan, og strax um morguninn voru þeir færðir Vindásbóndanum, í annað sinn.

*Fimmtudag 19. Nóvember*

*27. dagur vetrar, 27. dagur Gormánaðar.*

Sunnan veður með rigningu og leysingu allan daginn. Besta hláka, hiti 4 gráður, allur nýi snjórinn orðinn leystur og víða autt. Þennan dag var byrjað að hlaða múrinn.

Skýring: Múrinn var strompur í eldhúsi.

*Mánudagur 23. Nóvember*

*31. dagur vetrar 1. dagur Frermánaðar*

Fyrst um morguninn hvíta logn, bjartviðri, 0 gráðu frost, og talsverður sjókuldi, frostblettir á firðinum. Eftir hádegi hvessti með austan drífa veðri, og seinast um kvöldið rigningarslettu og kafþykku lopti. Þennan dag fór jeg, og Oddgeir, Hildir og Þórður út á Grafarnes að sækja mó; borinn á bátinn en fjöruðum inni og komumst ekki til baka fyrri en um kvöldið; fengum barning frá Grafarnesi umdir Hamra, en gátum siglt þaðan. Lentum í hálförökkri. Jakob kom með tilkynningu frá hreppstjóra um lát Þórunnar á Skerðingsstöðum, þann 21.

*Fimmtudag 26. Nóvember*

*34. dagur vetrar 4. dagur Frermánaðar*

Sunnan landsunnan stormur framan af degi með björtu lopti og 3 gr. hita. Þega leið á daginn hægði veðrið og gjörði kyrrt veður. Þennan dag kom Jakob aptur af fundinum og sagði af honum illt eitt: Þórður í Bár, Ásmundur og Guðmundur voru móti mjer, en Guðmundur og Lárus komu ekki. Þenna dag bætti jeg við stöpulinn.

*Fimmtudag 3. desember*

*41. dagur vetrar 11. dagur Frermánaðar*

Öskrandi norðan rok garður, 5 gráða frost, kólgaður í lopti og svælings bylur skelfilegur kuldi alstaðar. Þessu hjelt fram allan daginn til kvölds, svo enginn maður kom. Ofninn settur niður inni, og múrað kringum hann að neðanverðu. Skrauta bar.

*Fimmtudag 10. desember*

*48. dagur vetrar 18. dagur Frermánaðar*

Fyrst um morguninn sama sunnan rokið og hellings ófæran með 5 gráða hita. Hljóp í versta útsynnings rok með hörðum jeljum og 0 gráða frosti, og lamdi á með því allan daginn. Þenna dag rif jeg skilrúmspilið í kokkhúsinu og byrjaði nýjar kokkhúsdyr.

*Fimmtudag 17. desember*

*55. dagur vetrar 17. dagur Frermánaðar*

Sunnan mari, stundum kul, stundum logn og rigning talsverð öðruhverju allan daginn, - Sveinn Dalhoffsson kom um kvöldið

*Fimmtudag 24. Desember*

*Aðfangadagur Jóla.*

*62. dagur vetrar 2. dagr Mörsugs*

Strax um morguninn sunnan útsunnan stormviðri og rigningarjagandi, ólukkar bloti; þungbúinn mjög og þykkur í lopti og eins og kafaldsleiðingar eptir fjallinu, sem lagði niður í sveit. 2 gráða hiti á mælir. Eptir hádegi bleytu hlaðnings kafald austan og 1 gráða hiti. Síðan undir rökkurbyrjun austan fláa illviðri bráðófært en um kvöldið hægur og rigning örhlít, en ákaflega þykkur og dimmur og niða myrkur.

## 1886

*Fimmtudag 7. Janúar*

*76. dagur vetrar 16. dagr Mörsugs*

Vestan útsunnan stórviðris veður með grimmdar frosti 10 gráður; síðan þvernorðan hrinu garður allan daginn með sama frosti, kafaldslaus. Um kvöldið gjörði hægð, rétt logn, en þykknaði með kafald i loptið. 2 ær voru blæsma önnur fullorðin hvíthyrd, hin veturgömull kollótt

*Fimmtudag 14. Janúar*

*83. dagur vetrar 23. dagr Mörsugs*

Allan daginn frá morgni til kvölds rammur útsynningur með ófærum jeljum og ofsaveðri. Lygndi seinast um kvöldið og brast þá í norðan áhlaup um háttatíma, sem stóð alla nóttina. Frost 4 gráður um daginn. Þenna dag var eg heima að smíða sleða. Jakob í Vindási kom snöggvast og Geirmundur sendur úr firðinum fram að Eyri að sækja olíu. Huma kolla blæsma.

*Fimmtudag 21. Janúar*

*90. dagur vetrar 30. dagr Mörsugs*

Sunnan kul, optari logn, sunnan mökkur á fjalli, 1 gr. frost. Gljáandi jökull yfir jörðina og ís á sjónum. Þenna dag var jeg heima. Tvær tunnur O: (mælieining) af mó sóktur að Eyði (Eiði). Guðrún á Eiði kom sjálf með smérið, og Ási og ??? komu um kvöldið og fengu nautið ljeð inn að Eiði.

***Þorri byrjar***

*Föstudagur 22. Janúar*

*91. dagur vetrar 1. dagr Þorra.*

Hvíta logn, frost (5 gr.) heiðskírt veður og stilla allan daginn. Húsvitja Kirkjufell, Hnausar, Hlein, Bárðarbúð, Háls og Kvíabryggja. Verið um nóttina í Krossnesi.

*Fimmtudag 28. Janúar*

*97. dagur vetrar 7. dagr Þorra*

Sunnan veður með hellings ókjörum og leysingu allan daginn út og 3. gr. hita. Rigningarlitall um miðjan daginn. Þenna dag var eg að skrifa skýrslur. - Um nóttina eptir gekk í lognmuggu og fannspýju, sem bræddi kopar yfir allt, sem leyst hafði.

*Fimmtudagur 4. febrúar*

*104. dagur vetrar 14. dagur Þorra*

*Nýtt tungl (kl) 1.48 f.m. Góutungl.*

Austan landsunnan veður með bleytu slitrings byl og 1 gr. hita; kafdimmur og illviðrislegur í lopti. Síðan allan daginn útsunnan rokviðri með hellings ófæru, en þó vægri seinast um kvöldið; allmikið leyst. Þórður sendur út að Skerðingsstöðum með skeiðina.

*Mánudagur 8. febrúar*

... Þórður kom hjer utan að með sömu skeiðina og 24 merkr fiskjar frá Sigurði í Lág. Skrauta gekk aptur og var haldið. Á meðan töpuðust allar ærnar út í veðrið og moldina, og fundust ekki um kvöldið; tel eg þær allar tapaðar.

*Þriðjudagur;* ... útsunnan öskrandi rokviðri. Leitað allan daginn. ...

*Miðvikudagur;* ... Þennan dag leitaði jeg, Kristján í Bár og Þórður um allar Græfur, Spjarará, og Lækjarlágur, en engin skepna fannst...

*Laugardagur 13. febrúar*

*113. dagur vetrar 23. dagur Þorra*

Austan hægur með brennandi frosti, en kafaldslaus og léttur í lopti, frost 10 gráður. Þegar áleið daginn, þyknaði heldur loptið og hvessti norðan, en var þó kafaldslaus til kvölds. Þennan dag sendi jeg Þórð með Kristleifi fram að Hjarðarbóli til að sækja þessar 7(komu fram á Hjarðarbóli daginn áður); en skömmu seinna kom Jóhanna á Eiði með þá fregn að ein ærin hefði komið þar fyrir á skafli, hálfblind og var hún híst á Eiði(Oddgeirs

ær). Skömmu seinna kom Kristján í Bár með 11, sem hann hafði fundið inn hjá Steinahlíð, 7, sem komið höfðu að Hjarðarbóli um morguninn og hinar 7 frá í gær, alls 24 ær, því ein varð eptir í Bár, sem ekki gat gengið, þá hjer 25 ær, og í Bár sú 26. og Oddgeirs ær á Eiði, alls 27 ær, eins og talan átti að vera, svo nú eru allar komnar. Hjer kom Stefán í Grundarfirði með reiptagl til að draga kindurnar upp úr „spikfeitar“ og Bjarni í Stekkjartröð var hjer líka.

*Fimmtudagur 18. febrúar*

*118. dagur vetrar 28. dagur Þorra*

Sunnan óskapa óstýrandi rok, svo allt lék á þræði og ósköp að sama skapi strax um morguninn. Sama veður allan daginn út, svo ekki varð eða varla komist milli fjóss og bæjar og ekkert gjört. Byrjað að draga hvíta tvistinn í Hofold. Á vökunni gerði þvernorðan hægð og kafaldsmuggu, sem skemmdi allt sem leyst hafði um daginn, og fór að frysta.

*Fimmtudagur 25. Febrúar*

*125. dagur vetrar 5. dagr Góu*

Austan landsunnan kul með frosti (0 gráður) en loptbjartur og von um sólfar (mesta blíðviðri). Þetta sama veður allan daginn út rétt að heita sumarblíða. Rósbjörgu borgað rjólíð. Hildir fór inn í Sel, kom með mópoka frá Eiði. Farið út í Gröf gjörðir upp reikningar við Bárð(skuld 12 ?). Honum lofað 3 borðum. Hann lofaði 2 hestum af mó fyrir flutninginn á borðunum og allt að 10 tunnum auk þessa. Farið þaðan inn í Fjörð. Talað við Stefán. Brynhildir í tak með að .... af sér annað kvígyldið. Leidd kýr frá Suðr Bár.

*Fimmtudagur 4. Mars*

*132. dagur vetrar 12. dagr Góu*

Norðaustan hrinugarður, loptbjartur með 9 gráða frosti. Frostminni um miðjan daginn meðan sól var á lopti. Þórður í Bár kom snöggvast við; hafði verið að skrifa upp hjá Brynhildi (70 krónur uppskrifað, 150 krónur skuldir). Drengirnir ( Jón á Þórdísarstöðum sendi Þórð og Magnús inneftir) komu um kvöldið seint. Þórður með dáldið af mjöli og 2 ? grænsápu. Skipið til Richter ókomið.-

*Fimmtudagur 11. Mars*

*139. dagur vetrar 19. dagur Góu*

Fyrst um morguninn sunnan stormur hvass fram undir kl.10 í verstu hellings ófæru og rok, svo ekki var hundi út sigandi, og hjelt því fram á kvöld með 5 gr hita. Þornaði þá dálítið til en loptið var mjög þungbúið og baugur kringum tunglið á vökunni; um nóttina eptir stanslaust mígandi illviðri og rok fram í birtingu. Þennan dag var jeg að smíða og setja saman rakgrindina. Enginn kom og ekkert bar sjerlegt til tíðinda. - Laufa bar og átti rauðan kvígukálf.

*Fimmtudagur 18. Mars*

*146. dagur vetrar 26. dag r Góu.*

Allan daginn frá morgni til kvölds, sólskinslítill dumbungur, útnyrðingur í lopti, hvíta logn og blíðviðri 5 gráða hiti. Þennan dag fór Hildr (*daginn áður: Hildr gjörði ærsli og ólæti, sem þó jöfnuðust með góðu ( játaði sig að vera eigi einsamla )*) inn í Hólmi með litla skjóna með söðli, með henni skrifað Richter og síra Eiríki. Ætlaði að fara að rekja vefjarverk; en þá kom Augustína á Skerðingsstöðum að sækja mig að skíra. Ég fór með henni kl. 11 af stað, komst út að Skerðingsstöðum um kl. 3, skírði barnið Sigurður, fæddur 5. Mars. Skírnarvottar Hjónin í Vík og faðirinn. Ari var staddur í Gröf og var mjer samferða út að Skerðingsstöðum. Skírnin er óbörguð. Fór síðan aleinn í myrkri til baka, og kom heim um kl. 10. Lömbin vantaði heima höfðu ekki fundist um kvöldið. Talað við Hallgrím um bátslán.

*Fimmtudagur 25. Mars*

*Boðunardagur Maríu*

*153. dagur vetrar 3. dagur Einmánaðar*

Útsynnings vera. Hægur, hafði kastað úr jeli og gjört grátt; en þó 1 gr. hiti, og loptþykkur allan daginn eptir það með smá útsynnings jeljum sem þó bræddi af á milli, og seinast um kvöldið hægð og kyrviðri. Jeg var að þilja kringum kokkhúsdynnar. Stefán í Grundarfirði kom frá Eyri með kornskiptin. Öllum lánað nema mjer, en fréttist nóg af kjaftæði og það eptir sjálfum hreppstjóranum. Bjarni í Stekkjartröð var hjer. Josúa kom og var hér um nóttina.

# 1886-1887

*Veðráttulýsingar Sr. Jens V. Hjaltalín prests að Setbergi 1882-1919.  
Veturinn 1886-87*

*Gormánuður. Laugardagur 23. Október.*

*1. dagur vetrar, 1. dagur Gormánaðar*

Framan af degi og alla nóttina á undan öskurok sunnan landsunnan með svörtu útfalli, svo jörðin öll flaut í vatni, hvert hús lak, og reif og heyskemmdir hafa víst orðið miklar. Seinna um daginn hljóp í útsunnan rok með hellings ófæru. 7 gr. hiti. Þur litla stund um kvöldið, en gekk svo í suðrið aptur með hellings ókjörum og roki, sem stóð alla nóttina eptir hvíldarlaust og fram á sunnudagskvöld. Fyrst gefin kúnum hálf gjöf kvöldið fyrir, önnur hálf um morguninn; kúnum hleypt út um kvöldið litla stund en gefin samt hálf gjöf. Sveingerður og Páll komu heim um kvöldið úr Grafarnesi.

### *Sunnudagur 31. Október.*

#### *9. dagur vetrar, 9. dagur Gormánaðar*

Mestallan daginn austan fláa bleytu rigningar illviðri; þur um kvöldið og hægur. Messað með 10 karlmönnum og 7 kvennmönnum, 4 til altaris. Lýst með Einari annað sinn, með Brandi 1. sinn. Eptir messu Oddgeir tekinn fyrir og með loforðum og gjafaheitum áunninn til að biðja lýsingar. Bárður í Gröf sendi dreng að boða lát Margrétar í Gröf, og vill fá að jarða á morgun, en það var aftekið af mér vegna úteptirferðar.

### *Laugardagur 6. nóvember.*

#### *15. dagur vetrar, 15. dagur Gormánaðar*

Sunnan stormur, þýða 3 gr. hiti og rigning af og til, en lítil Góðviðri. Farið fram í Fjörð og jafnað niður auka útsvörum. Allir nefndarmenn viðstaddir. Mesta útsvar 60 kr en minnsta 1 kr (62 gjaldendur; útsvör 1081 kr, þarfir 1028kr : Eptirstöðvar 62 kr; ómagar 14). Ráðið úr með hveitisekkinn, kemur lagfæring á með ferð Sigurbjarnar. Þorleifr fór um framsveit í Lambsfóðragjörðum. Sigurbjörn flutti 25 poka mó á bátnum hingað meðan jeg var uppfrá. – Við Þórðr í Bár vorum samferða heim í myrkri. –

### *Sunnudagur 14. nóvember.*

#### *23. dagur vetrar, 23. dagur Gormánaðar*

Um morguninn blíðviðri 1 gr. frost og logn; hafði kastað úr jeli um nóttina. Þegar leið á daginn gekk veður heldur til norðurs, og seinast í rökkriinu gjörði þvernorðan veður með sjóar--ngi og kófh-gl og 2 gr. frosti. Bjartari seinast um kvöldið. Messað og lýst með þremur persónum. Talað við Kristján í Bár um inneptirferð og sleppt að senda til Sigurbjarnar sem líklega dregst að komist til morguns. Talað við Jakob um borðin. Hann lofar að fara inneptir og finna Þorleif. Fjörðrin afhent Ara til viðgjörðar. (Hafði komið vitlaust samsett úr viðgerð daginn áður). Talað við Jakob um mótþróa stiftsyfirvaldanna móti kirkjubyggingunni. –

### *Föstudagur 3. desember*

#### *42. dagr vetrar, 12. dagr Frermánaðr.*

Vestan stormur með 4 gr. frosti seinast útnorðan með 5 gr. frosti og seinast logn um kvöldið. Framan af degi harðneskjulegur með skýjum og bláu lopti á milli. Seinni part dags hulu þykkni. - Einar fór af stað um morguninn; Matta og Páll send út í Grafarnes að sækja mó. Guðrún á Eyði kom hér, hafði farið fram í Bár að ná í ferðina, en kom jafnnær aptur. Kom með boð frá Kristjáni um að fá mann til að hjálpa að flytja lömbin í land. Nefnt við Oddgeir sem líklega gjörir það. Olifr kom og bað að skrifa fyrir sig úsvarskæru. Gjörður upp reikningur við hann og skuldar hann 19 fiska, sem hann lofar að borga í fiski. Ólafur Björn skuldar 10 fiska, sem eiga að borgast í fiski. - Sigurbirni gerð orð með Olifu að flytja á morgun mó. O=sól

*Þriðjudagur 7. desember*

*46. dagur vetrar, 16. dagur Frermánaðr.*

Bjartviðri allan daginn og austan landsunnan drífa kæla, norðan stormur framá með 6 gr. frosti. – Um kvöldið dró upp ljóta bliku og setti baug um tunglið. Lömbin sem eptir lifa sett inn í baðstofu og búið um þau þar.

*Miðvikudagur 8. desember*

*47. dagur vetrar; 17. dagur Frermánaðar*

Norðan öskrandi garður með skafmoldarsvælingi og ofanbyl allan daginn til kvölds og 5 gr. helfrosti. Oddgeir fenginn að setja garðastokka í húsið (4. des.: Lömbin sótt í Eyjuna og sett í skemmuna. 6. des.: Slátrun. 7. des.: Lömbin sem eptir lifa sett inn í baðstofu og búið um þau þar). Töpuðust 19 kindur rosknar og fundust ekki um kvöldið; töpuðust úr fjörunni og er haldið að þær hafi flætt. Dalhoff kom seinni part dags og var hjer um nóttina. Frjettist að Jula Stefáns kom úteptir í nótt er leið.

*Þriðjudagur 13. desember*

*52. dagur vetrar, 22. dagur Frermánaðr.*

Samalags veður. Austan landsynningur hægur og bjartviðri með 1 gr. frosti. Páll á Spjör kom hjer og fjekk borgaða ferðina fram í Melrakkaey með 16 kofum og hjer um bil 6 pundum af rúgi. Oddgeir kom í öngum sínum út af barninu, sem er veikt líklega af barnaveiki og að komið dauða.

*Fimmtudagur 23. desember*

*62. dagur vetrar, 2. dagur Mörsugs*

Fyrst um morguninn logn og kafaldsmugga, sem hafði verið mestan part nætur, svo snjór laus var orðinn á miðjan legg; frost 5 gr. Strax eptir birtinguna birti af sér og var allan daginn hvíta logn og heiðskírt veður með nokkru frosti (5 gr.) Í rökkriinu þykknaði upp aptur og varð kafaldslegur, en lognið hjelst. Þenna dag kom Hildur með skötubarð, Oddgeir til að passa fjeð, (*barn þeirra dó og var jarðað daginn áður*) því Páll fór fram að Vatnabúðum að sækja kaupstaðarvarninginn, sem var 5 ? rjól B?, 10 ? röt, 6? hrati, 200 3þl saum, 12 pennar, dálítið af kryðeri, 2 ? Rúsínur, saltþjetur, kakalofnsblyjant m.fl. Sveinn Dalhoffsson kom um kvöldið.

*Aðfangadagur jóla*

Austan stormur með kafaldsslitringi.....Um daginn komu margir; þar á meðal Finnur til veru. Um kvöldið var hjer lesið og síðan spilað fram til kl. 2.

*Sunnudagur 2. janúar milli nýjárs og þrettánda.*

*72. dagur vetrar, 12. d. Mörsugs.*

Landsunnan kafaldsbylur með 3 gr. frosti, fyrst hrasi en síðan hæg lognmugga. Kafaldslaus um kvöldið. Oddgeir gefinn í hjónabandið, í boðinu voru 10 og var haldið út fram á nótt til kl. 4. Bréf frá Þorleifi um borðin o.fl. Engin ærin blæsma nema ferhyrna Páls.



*Fimmtudagur 13. janúar.*

*83. dagur vetrar, 23. dagur Mörsugs.*

Framan af degi landsunnan veður með krapa illviðris fárviðri. Hljóp þegar áleið daginn í útsunnan rigningu með roki og skruggu einni og þremur ljósum. Hiti allan daginn milli 1 og 2 gráður. Þenna dag kom Friðrik í Karlshúsum hjer hálfdaður innkulsá; var látinn háttá hjer ofan í rúm og hlynnt að honum svo hann hresstist, en var þó hjer um nóttina. Þenna dag sókti Jóhannes Agnesi að sitja yfir Rósbjörgu og setti Skjóna minn undir hana. Hildur fór líka frameptir, og svo til baka með Skjóna. Fór síðan fram í Bár að vera hjá Sigurlínu, sem líka hafði alið barn. Allt var á ferð og flugi um sveitina út úr börnunum í þessu góða veðri.

*Bóndadagur*

*Þriðjudagur 25. Janúar*

*95. dagur vetrar, 5. dagr Þorra*

*Pálsmessa.*

Sami útsynningurinn með kolsvörtum moldjeljum og frosti; birti lítið eitt upp milli jelja frost 2 og 3 gr. Seinna um kvöldið símold en hægri og stóð við útnorður. Enginn kom um daginn, nema Kristleifur snöggvast úti. Hann sagði að bróðir sinn hefði farið af stað í gærmorgun um dægramót. Hann sagði líka eptir tveimur Norðlingum, sem fóru út undir jökul 5 skipsskaða norðan af Vatnsnesi með 30 mönnum, mest bændum. Skip þessi höfðu farist mánudaginn 3. Janúar.

*Miðvikudagur 2. Febrúar*

*Kyndilmessa*

*103 dagr vetrar, 13 dagr Þorra.*

Allan daginn frá morgni til kvölds norðan rok og svartur blindbylur, svo ekki var fært út úr húsi með 8 stiga frosti. Þetta hvíldarlaust allan daginn. Sá versti og harðasti bylur á þessum vetri. Jakop á Hjarðarbóli kom hjer; hann ætlaði að hafa með sjer líkmennina, en fjekk þá ekki með sjer, og var sjálfur nær því orðinn úti, og lenti seinast á Spjör um nóttina.

*Miðvikudagur 9. Febrúar*

*110. dagur vetrar, 20. dagur Þorra.*

Framan af degi logn með skúrum og 2 gr. hita, síðan fláa rigning og norðan sláttur. Öll jörðin í krapaelg. Seinast norðan veður með kulda og frosti svo allt varð að gleri. Farið fram í Bár með Þorleifi Jónatanssyni er kom með 1 bók pappírs frá Richter og skírt barn Kristjáns, Lísbet Guðbjörg fædd 12. Janúar. Skírnarvottar Þórður, Þorl. og Hildur. Fengið mó í 2 litla poka og hengdi þá á Jakobs skjóna berbakaðan heim. Þorleifur hjálpaði til þess; fjekk innfrá 1? af hvítum tvisti.

*Sunnudagur 13. Febr.*

*2. sunnudagur í 9 v. föstu*

*112. dagr vetrar, 24. dagr Þorra*

Sömu ósköpin allan daginn hvíldarlaust, og nóttina eptir grimmosta skaða afspyrna á húsum svo enginn sofnaði svefn alla nóttina. Enginn maður kom til kirkju og enginn komst neitt. – Skipið var drifið norður fyrir kirkjuflögur og allir sárhræddir um það. (Hafði komið utan úr flóa 11. feb. og lagðist á miðjum firði). Óskemmtilegasti dagur og nótt í vetur. Hiti í þessari skorpu 5 og 6 gráður; allt orðið sumarautt og klaka farið að leysa.

*Fimmtudagur 24. Febrúar*

*125. dagr vetrar, 5. dagr Góu*

Sama veður og fyrri daginn, nema nokkuð hægri og enn heiðskírari og sólfar allan daginn. Frost um morguninn 9 gráður en um hádegisbil 7 gráður og um nónbil 5 gráður. Allar fjörur frosnar; íshjóm á sjónum. Snjóhrafl á jörð, en jörð þó að mestu auð og næg jörð fyrir skepnur. Þenna dag var skírt barnið í Vindási Jonía fædd 13. Janúar. Skírnavottar Páll á Spjör, Agnes og faðirinn sjálfur. Finnur sendur fram í Eyrarpláss, kom með 2 poka af mó frá Ara, sem þó var ekki heima. Átti að sækja skeiðina að Þórdísarstöðum en hún fjekkst ekki. Sveingerður fór fram að Garðsenda að taka útsvar hjá Gvendi 5 kr. 4au en fjekk að eins 3 krónur. Sálmaþókinni ekki skilað. –

*Þriðjudagur 1. Marz*

*130. dagr vetrar, 10. dagr Góu*

Framan af degi frá morgni og fram yfir hádegi sunnan hvassviðri með hellings rigningu (ófært veður) svo allt flaut í vatni og allan snjó tók af sem fennt hafði um nóttina. Eptir hádegi tók upp mesta óveðrið og hljóp í vestan útsunnan gara með skúrum og eldingum í rökkrinu. Stóð þetta þráviðris veður svo lengi vakað var. Frost 0 gráður. Stefán í Grundarfirði kom hingað og við sömdum undir nafni nefndarinnar fullmakt handa Petri á Eyri um að innheimta Sveitarskuld hjá Berghreppingum. – Hann kom með blöð af Ísafold og Fjallkonunni.

*Miðvikudagur 9. Marz*

*138. dagr vetrar, 18. dagr Góu*

Norðan ösku grenjandi bylur og rok með 10 gr. frosti allan daginn fram á kvöld; ófær út úr húsum að fara. Birti dálítið upp um kvöldið, svo skýjadeili saust og rata mátti milli næstu bæja; frostið fjarskalegt (8 gr. daginn áður) og varla líft úti né inni. Þenna dag var rauði tvisturinn undinn upp af grindinni aptur, af því oflangt hafði verið rakið. Jeg fór að leita uppi listana (hestana?) um kvöldið en fann þá ekki. Eldiviðarlaust (og ólifandi inn í húsum) og vandræði.

*Mánudagur 14. Marz*

*143. dagr vetrar, 23. dagr Góu*

Hvíta logn, frost 4 gr. en sólfar allan daginn og frost, sem þó mildaðist af sólunni. Margir komu, þar á meðal Stefán Grundarfirðingur að tala um peningaskiptin, sem voru send Þórði í Bár til yfirlits með Sveingerði. Hann hvaðst hafa skrifað Guðmundi um að koma á morgun. Svuntuefnið rauða dregið í höföld og Skeið.

*Miðvikudagur 16. Marz*

*8. riddaradagur*

*145. dagr vetrar, 25. dagr Góu*

Norðan bálviðris garður fyrst með 7 síðan 9 gr. hörku; kafaldslaus og auð jörð, en sá ekki til sólar fyrir kólgu; allt gaddaði úti og inni. Guðmundur og Stefán komu og undirskrifuðu brefin, sem Stefán tók með sjer, h ætlar inneptir innan skamms. Talað við Guðmund um netin og bátinn, sem kemur innan skamms í miðjan Einmánuð. Jeg lofaði að innsetja fyrir hann net.

*Miðvikudagur 19. Marz*

*11. riddaradagur*

*148. dagr vetrar, 28. dagr Góu*

Landssunnan herpingur með svartri skafmold og 3 gr. frosti. Sljethvita yfir allt. Sá til sólar gegnum moldina. Hljóp strax út í útsynnings-hroða með svörtum jeljum og skafmold, og seinast vestan gara skafmoldarlausum en 3 gr. frosti. Hildur kom hjer með netapráð um 7 merkur; fjekk aptur 5 merkur til að vinna. Jóhannes í Vindási kom hér líka. Svuntuefnin rauðu felld af.

*Miðvikudagur 21. Marz*

*13. riddaradagur - Góuþræll*

*150. dagr vetrar, 30. dagr Góu*

Fyrst um morguninn landsunnan bleytukafaldsmokstur, síðan allan daginn sunnan veður með hláku og rigningu. (*Daginn áður 10 gr. frost og norðan garri með moldbyl. Eldiviðarlaust og heylaust heima*). Leysti vel svo jörð kom upp aptur; allt í vatni og krapaelg. Hiti að meðaltali 4 gr. yfir daginn. Ég var að saga niður í fetagrind? úr eik. Um kvöldið þurrt þíðvindi sunnan.

*Laugardagur 26. Marz*

*18. riddaradagur*

*155. dagr vetrar, 5. dagr Einmánaðr*

Sunnan landsunnan þykkviðri, af og til með smáisingarkenndum skúrum, og norðan flui fram í. Gekk þegar á leið daginn til útsuðurs með mildum vætu skúrum og sólskini á milli. Smádrífa kæla eða logn stundum um daginn og 4 gr. hiti. Dregið í höföld og skeið milliskirtuefnið. Stefán í Grundarfirði kom hjer með undur af reikningum frá Richter til útbýtingar. Stefán var að tala um áformað nýtt fjelag; en óvíst að jeg taki þátt í því; fór fram í Bár og var að safna áskrifendum.

*Fimmtudagur 31. Marz*

*23. riddaradagur*

*160. dagr vetrar, 10. dagr Einmánaðr*

Hvíta logn um morguninn, en korgur í lopti og baugur kringum sól, frost 1 gr. Eptir sem á leið daginn herti á blikunni og mökknunum og um kvöldið var komið sunnan veður með kafaldsslitringi og krapa veðri, sem helst af og til alla nóttina. Frost seinni part dagsins + 4 gr. Þennan dag allan var jeg að ríða net; ætlaði að fara fram í sveit, en hætti við. Frjettist um skiptapa, sem orðið hefði á leið til Eyrarsveitar. Kristján í Bár, Oddgeir, Sigurður á Spjör, Hólmfríður og Ingimundur Jónsson; þó engin víska fengin enn fyrir þessu.

*Föstudagur 1. Apríl*

*24. riddaradagur*

*161. dagr vetrar, 11. dagr Einmánaðr*

Vestan og seinast útnorðan stórvíðri með brimi og sjógangi. Loftbjartur og jafnvel heiðskír síðari hluta dags og sólskin allan daginn; hiti 2-4 gráður. Um morguninn strax kom Páll á Spjör og boðaði mig þangað að tala við Hildi, sem var ófær af hræðslu út af láti Oddgeirs sem Kristján í Bár hafði borið henni söguna um.

# 1889-1890

*Veðráttulýsingar Sr. Jens V. Hjaltalín prests að Setbergi 1882-1919  
Veturinn 1889-90*

*Laugardagur 26. Október*

*1. dagr vetrar 1. dagr Gormánaðar*

Útsunnan rokviðri með hörðum skúrajeljum, svo við lá að festi í hverju jeli. ... Lömb voru tekin til að reka í fóður, 21 í útsveit og 11 í framsveit. Lárus var á ferð fyrir Sæmund.. *Hiti 4 gr. Léttfær dagar.* (30. okt.) sókti Sigurbjörn kindurnar fram í eyrna 20 að tölu, og var Guðl. búfræðingur í för með honum.

*Fimmtudagur 31. Október*

*6. dagr vetrar 6. dagr Gormánaðar*

Fyrst um morguninn þokuslæðingur í lopti og frostrigningaryrja, en hægðar veður, þykkur í lopti. Eftir miðjan dag hvessti norðan og birti í lopti, varð með skýbótum en heiðskír á milli; sá vel til sólar. Þennan dag voru skornar 20 kindur (þar af 4 afhentar Jóhönnu) og einn hrútkægill afhentur Jóhannesi í Vindási fyrir tilhjálp við að skera. Mikið umtal um þjófnaðarmál ... henni gerð boð að standa fyrir máli sínu; en hún þorði ekki að koma. Sigurbjörn sókti kúna í Bár. Um morguninn 1 gr. hiti; fjarskaleg sleipa á jörðu en eptir að gekk í norðrið var 3 gr. frost.

*Fimmtudagur 7. Nóvember*

*13. dagr vetrar 13. dagr Gormánaðar*

Vestan afspyrna einhver hin mesta sem hjer hefur komið, með bleytu kafaldsófæru. Sveinbjörn í Lárkoti kom til að sækja mig til að þjónusta Jódísi í versta veðrinu; en jeg treystist ekki til að fara að svo komnu, votur og illa til reika frá kvöldinu áður (*fór að skíra barn fyrir Þorleif á Bryggju*). Sveinbjörn og Þorleifur lögðu af stað úteptir aptur; en jeg lofaði mér á næturfjörinni ef veðrið batnaði. Eptir hádegið minnkaði heldur jelin og hægði, og um kvöldið varð hæggar-veður með tunglskini og bjartviðri er stóð mestan hluta nætur. Jeg reið af stað og hafði Kristján með mjer kl 7 e.m.; kom úteptir kl 11, þjónustaði kerlinguna til kl 12, lagði aptur af stað heim og komum við heim kl 2 ½ f.m. *bráð ófær*

*Miðvikudagur 13. Nóvember*

*19. dagr vetrar 19 dagr Gormánaðar*

Hart vestan útsunnan rokviðri og snjójel dimm svo að festi og gjörði hálfgrátt, hiti 2 gr. Kristján lagði af stað með 10 kindur inn í Hólm til Richter; með honum skrifað Richter eptir olú, tóbaki og ljósagarni. Skrifað bréf fyrir Sínu um söðulinn. Bjarni var hjer að gjöra ranghalann í stand (*daginn áður: Fjósranghalinn datt ofan á nautið svo Bjarni í Stekkjartröð var fenginn til að gjöra við hann*). Honum bera fyrir það 2 krónur. Ófært hjer í stofunni fyrir kulda og veðri.

*Fimmtudagur 21. Nóvember*

*27. dagr vetrar 27. dagr Gormánaðar*

Suðlægur útsynningur með krapa haglskúrum, sem nærri festi í, og hvassviðri, en hægri milli skúranna. Loptljettur í hálopti; en klukkar í kring. Þennan dag kom hjer Hannes á Hömrum með 2 skötubörð og lofaði öðrum tveimur; en æskti að fá skinn í staðinn. Seinna kom Þórður í Bár að setja á ásetning; 200 kaplar töðu 100 kaplar úthey; á þetta sett 3 kýr, naut og kvíga, 3 hestar fullorðnir og 3 tryppi, og 51 ær, 1 sauður og 5 hrútlömb. Hiti um daginn 3 gráður. Um kvöldið bjart veður og loptljettur. *bærilegur dagur*

*Föstudagur 29. Nóvember*

*35. dagr vetrar 5. dagr Frermánaðar*

Hafði verið alla nóttina fyrir, ofanfalls ókjör í logni, með 4 gr. Hita (*vikuna áður allt að 7 gr. frost*). Jörð orðin alauð niðri í sveitinni, svo að hvergi sást snjódýll. Um daginn eptir blíðviðri og hægð landsunnan og loptljettur. Syrti að um kvöldið og varð sunnanlegur á fjallið. Sló í fjarskalega lognrigningu og sletti síðan jeli ofan í þýtt en var þó frostlaus. Þoka í lopti og á fjöllum en bjartur til hafsins. Þennan dag var Sigurbjörn eltur fram í sveit, því við hjeldum hann ætlaði að svíkjast inneptir (*Sth.*); en hann fór þó ekki nema í Bár og ætlaði heim aptur, lofaði að koma hjer við þegar hann færi. Skrifuð mörg brjef inneptir. Jakob kom hjer á útsvarakærufundinn og fór fram að Hömrum. Jóhannes í Vindási hafði lánað Sigurbirni nagla eptir að hafa afsagt mjer.

*Fimmtudagur 5. Desember*

*41. dagr vetrar 11. dagr Frermánaðar*

Fyrst um morguninn sunnan veður með hraglanda rigningu og 4 gráðu hita; síðan hægu og bjartur svo sem 2 klukkutíma; þykknaði þá upp aptur og gjörði ofanfalls ókjör í logni með 1 gráða hita, síðan muggu kafald og stóra skæðadrífu, svo alhvítt varð yfir allt; Síðan heljar útsynningur með veðri og kafaldi, sem þó birti upp á milli, og seinast á vökunni moldbylur með útsunnan veðri og 1 g. Hita. Þenna dag var Guðrún á Eyði (Eiði) hjer á ferð til baka; Gísli á Vatnabúðum hafði hrakið undan í gærkvöld; haldið að hann hafi náð Höskuldsey. Menn höfðu komið innan úr Hólmi í gær með matvöru fyrir Jón á Þórdísarstöðum alla skemmda að sögn.- Jeg rakti vefjarverk 30 álnir. *Líttfær eða ófær*

*Fimmtudagur 12. Desember*

*48. dagr vetrar 18. dagr Frermánaðar*

(*Frjettist á laugardegi að Gísli á Vatnabúðum hefði komist heim. Á miðvikudegi:...fór jeg fram að Vatnabúðum og aftalaði við Gísli um inneptirferð og húsvitjaði Vatnabúðir og Móabúð*).

Framan af degi grenjandi sunnan ófæra og rok fram á miðjan dag; tók talsvert upp af snjónum. Seinni part dagsins með skúrum; allar ár ófærar og allt í vatni. Jeg bað Kristján að ná hesti fyrir mig til að flytja frameptir það sem fara átti (inn í Sth.); hann fór en þóttist engum hesti geta náð og kom svo búinn aptur til allrar ólukku. Þessi dagur mátti heita bráðófær.

*Miðvikudagur 18. Desember*  
*54. dag vetrar 24. dag Frermánaðar*

Fyrst um morguninn sami útsynningur með jeljum, síðan allt í einu sunnan snjóhlaðningur - bleytu bylur, og seinast um kvöldið vestan stormur kafaldslaus. Þenna dag fór jeg með Kristjáni á leið og ætlaði fram í Eyrarpláss að sækja kaupstaðarvöruna með 2 hesta; fjekk aðra tvo hjá Jóni á Þórdísarstöðum hvar jeg tók manntal; ætlaði síðan ásamt Kristjáni fram í Eyrarpláss og skripta Jakob fyrir ósvífni hans; hann nefnilega hafði heimtað 2 krónur fyrir að láta þetta vera inn í hjallkompunni og talaði um að halda eptir af vörum upp í sveitarútsvar, m.fl. En þá brast á bylurinn og sneri jeg þá heim í moldinni en Kristján hjelt frameptir í moldinni og ætlaði að fá 2 hesta til framfrá. Ólöf kom heim(hún fór í gær fram að Kverná) og Stefán Grundfirðingur með henni, er sagði að Torfi Thomasson væri ráðinn barnakennari. (*Nirðri ?*) Rafnkelsstaða drengirnir voru hjer nótt. Helgi (*mapp*) nóttina áður. *Líttfær dagur*

*Þriðjudagur 24. Desember*  
*Aðfangadagur jóla*

*60. dag vetrar 30. dag Frermánaðar*

Útsynningur með jeljum og 2 gr. frosti snjókoma mikil í jeljunum, en bjartar á milli, og bjartari og kafaldsminni eptir sem á daginn leið, og um nóttina eptir bærilegt veður kafaldslítið. Þessi dagur mátti heita bærilegur og blessuð nóttin þó skárst. Þetta kvöld voru kveikt hjer 12 ljós inni (lesið) og spilað tvennum spilum til kl 12 ½. Í gær kom Hannes á Hömrum með 2 börð. Fjekk skinn á móti. Í þessum öðrum mánuði vetrarins hefur enginn dagur verið góður; 6 bærilegir, 13 hálf-ófærir dagar og 11 blindófærir mönnum og skepnum.

*Jóladagur*

*Mörsugur (Hrútmánuður) byrjar*

(Bærilegur dagur)...Messað með 30, fundur um ýmisleg málefni. Framfarafélag, verzlun, heyásetningu m.fl.og ekkert útgjört. Skrauta bar kl. 8 um kvöldið.

*Mánudagur 6. Janúar*

*Þrettáandi*

*73. dag vetrar 13. dag Mörsugs*

Norðaustan hægðarkul, af og til með hlaðnings kafaldi svo varla sá út á sjóinn; logn að kvöldi og bjartari. 3 gr. frost. Hjer komu fyrst tveir menn af Fellsströnd, sem urðu hjer um nóttina, og síðan Stefán og Þórður í Bár báðir blindfullir, og rölluðu hjer allt kvöldið til lítillar skemmtunar. Að síðustu sofnaði Stefán út af og varð hjer um nóttina; en Þórði var fylgt fram í Bár. *Líttfær leiðindadagur*

*Mánudagur 13. Janúar*

*80. dagr vetrar, 20. dagr Mörsugs*

Fyrst um morguninn dimmur með vestan kafaldsjeljum af vestri. Hafði verið hlaðningskafald um nóttina, og allir þúfnakollar sokknir í fönn; frost 1 gr. Um miðjan daginn varð bjartur en herti frostið í 3 gr. Með kvöldinu dimmdi aptur og gjörði hlaðningskafald útsunnan, koldimmur, en hægur. Jeg lauk við skýrslurnar og skrifaði bréf með þeim. Bjarni fletti plankanum og setti upp þvottabala. Líttfær dagr. Óbatnandi ófærð komin ofan á gamla snjóinn og sökk niður úr honum.

*Þorri byrjar*

*Föstudagur 24. janúar*

*91. dagr vetrar, 1. dagr Þorra.*

Austan í áttinni; hvíta logn, heiðríkja og sólskin um miðjan daginn hart (5 gr.) frost; austan drif fyrir framan. Þennan dag kom hjer Guðmundur í Grundarfirði. Kom hjer að ráðstafa Helga fór frameptir. *Iðil góðr dagr.*

*Þriðjudagur 28. janúar*

*95. dagr vetrar, 5. dagr Þorra.*

Sunnan stormur hvass, og þykkur í lopti, sunnanlegur og blikufullur í lopti með hroða mökk á fjalli; Um morguninn bjartari yfir mökknum með 1 gr. frosti síðan baugur yfir sólunni og 0 gr. frost, seinast kafþykkur með kafaldsslitringi og bleytu, mælir á ½ gr. hita, seinast bleytuslettingur með kafaldsblotaveru. Hjer komu: Lárus á Berserrkseyri, að semja um kennara frá Miðgou og láta skrifa fyrir sig bréf út að völlum; líka komu Þórður í Bár og Kristján að setja á; sögðu mig mjög góðan með hey. Jeg ætlaði að draga í höföld; en varð að hætta fyrir gestagangi, og gat ekkert gjört. *Hálf bærilegur dagur.*

Enn er sami jökull og hagleysa um allt. Alla vökuna frá rökkurbyrjun öskrandi sunnan rok og blind ófæra af vatnshellingu; allt flóandi í vatni og leka þegar háttu skyldi. Um nóttina hægði og hljóp til útsuðurs með bleytuslettings kafaldi; þó frostlausu, en uppirtu á milli.

*Miðvikudagur 5. Febrúar*

*103. dagr vetrar, 13. dagr Þorra.*

Frá morgni og fram yfir miðja nótt öskrandi sunnan rok með blindófæru hellings ósköpum 4 gr. hiti. Um kvöldið einhver þau frábærustu ósköp af roki sem nokkur tíma hafa komið, setti hálf þakið af hlöðunni í einum byl; glugga úr kirkjunni sem aldrei fannst aptur, og mölvaði í mjel hurð nýja frá fjárhúsinu og feykta henni fram fyrir Spjör og var nær því búinn að setja húsið um koll. *Blind ófær dagr.*

*Fimmtudagur 13. Febrúar*

*111. dagr vetrar, 21. dagr Þorra.*

Hægur útsynningur; tvö hægðarjel um daginn með 2 gr. frosti. Um kvöldið stjörnuþjartr og norðurljós. Húsvitjað Eyrarpláss og Akurtraðir, komið heim kl 9 um kvöldið. Þæfings ófærð á jörð og illt að ganga. *Bærilegr dagr.*



*Föstudagur 14. Febrúar*

Hægur útsynningur með 1 gr. frosti, en bjartur um miðjan dag með sólskini. Þennan dag var jeg heima og innfærði í bækurnar frá fyrra degi. 30? Fisk frá Kristjáni og 10 ? frá Kristjáni í Bár. Góður dagur.

*Föstudagur 21. Febrúar*

*119. dagr vetrar, 29. dagr Þorra*

Útsynningur með hörðum jeljum og 0 gráðu frosti; gjörði grátt á jörð; undir kvöld færði hann sig til suðurs með snjóbleytu, krapaveðri og roki sem fór versnandi eptir sem á kvöldið leið. Leiðinda dagur upp á margan máta. Hjer kom enginn en Þóra á Eyri fór fram að Hömrum með hest að flytja Jakob úteptir. *Líttfær dagur*

*Fimmtudagur 27. Febrúar*

*125. dagr vetrar, 5. dagr Góu*

Sama kyns veður, en frostlaus og þýð jörð. Skýjaðr í lopti, sunnan útsunnan á farið, en þó sólfar af og til. Logn mestallan daginn stundum sunnan kul. Húsvitjað Látravík, Skerðingsstaðir, Lágarplass, Mýrar, Háls Hellnafell og Gröf. Komið heim kl 10 um kvöldið í tunglskinshulu og blíðviðri, ásamt Guðlaugi. *Góður dagur.*

*Laugardagur 8. Mars*

*134. dagr vetrar, 14. dagr Góu*

Sama herpings veður austan landsunnan; slímrákir í lopti; baugur í kring um sól um dagmál, en þó sólskin allan fyrri hluta dags; hægri um fjöruna; frost um morguninn 10 gráður og um daginn 9 gráður, og aptur um kvöldið 11 gráður; hvorki vært úti nje inni fyrir kulda. Um kvöldið dró bliku í loptið, og hafði baug í kringum tunglið. *Líttfær dagr vegna kulda.*

*Miðvikudagur 12. Mars*

*138. dagr vetrar, 18. dagr Góu*

Austnorðan kæludrif og kafaldssvælingur framan af degi; 4 gr. frost um morguninn, en 3 gr. um daginn. Kafaldslaus seinni hluta dagsins. Hjer kom Helgi á Bryggju (verðr hjer í nótt) og rakningur frá Sæmundi, skírnarvottorð Haraldínu og blöð (Fjallkonan) frá Stefáni. Þykkviðri, sólskinslaust um daginn. *Bærilegur dagur.*

*Þriðjudagur 18. Mars*

*144. dagr vetrar, 24. dagr Góu*

Hægðar veður. Norðan í áttinni fyrst með 5 gr, síðan 3 gr. og seinast 2 gr. frosti. Eptir sem á leið daginn, jókst lognið og hægðin og blítt loptsútlit; en var þó að læða smá – þvernyrðings – jeljum inn með fjallinu. Þenna dag kom Kristján í Bár og Helgi Mopp með tilkynningu um lát Margretar. Kristján kom með 1 örk pappírs, sem Oddsteinn biður að skrifa á bréf til sýslumanns um vegaseðil handa Þóru. Guðlaugur kom um kvöldið og var um nóttina. *Góður dagur.*

*Laugardagur 22. Mars,  
148. dagr vetrar, 28. dagr Góu*

Austan landsynningur; hægur en þykkur og sólskinslítill með þokuslæðing í lopti, og 4 gr. hiti. Blítt og milt veður seinni hluta dagsins. Hjer kom Elínborg í Grundarfirði til að bestilla húskveðju og líkræðu eptir móður sína. Stefán í Grundarfirði (kom) með Ísafold, No 12-18 og 1 blað Stjórnartíðinda og ranglætis brjef frá prófasti upp á löngu afgreitt skírnatteisti; svo kom annað frá Bár, upp á andvanafæddra skýrslu. Torfi fór með þeim frameptir aptur. *Góður dagur*

*Sunnudagur 29. Mars, Pálmasunnudagur  
156. dagr vetrar, 6. Dagr Einmánaðar*

Um morguninn logn, bjartviðri og sólskin og 0 gr. frost; en sunnan mökkur á fjalli. Fór smám saman dálítið að hvessa úr honum þegar leið á daginn og þykknaði upp með kvöldinu. Mælirinn stjegg í 4 gráður. Kristján í Bár kom og sókti Ólöfu og dót hennar. Ingibjörg fór inn að Eiði seinni hluta dags og þær (*eiginkonan Jensína og ráðskonan Jensína (Sína)*) með henni; en jeg var einn eptir heima. *Góður dagur. Börnin spurð úr 1. kafla.*

*Miðvikudagur 2. Apríl,  
159. dagr vetrar, 9. dagr Einmánaðar*

Sama sunnan rok og blindófæra allan daginn. Gekk til útsuðurs með öskrandi roki um allan fjörðinn og hellings hryðjum með 3 gr. hita nærri snjókrapa, og þessi ósköp stóðu alla nóttina. Stefán í Grundarfirði kom hjer með privat brjef frá prófasti og sögn um að Kristján í Bár hafði komið um daginn innan úr Stykkishólmi, legið úti í Hrótey og komist hálfdaður út í Eyrarodda; gjört rótina ónýta, o.s. frv. En saltið hafði þó komið. *Líttfær dagur.*

*Sunnurdagur 6. apríl, 1. Páskadagur  
163. dagr vetrar, 13. dagr Einmánaðar*

Dágott veður, hægð og ljettviðri en frost um 2 gráður. Messað með um 60 manns, haldinn búnaðarfundur, pólitískur fundur m.fl. *Góður dagur.*

*Mánudagur 7. Apríl, 2. Páskadagur.*

Bærilegt veður. Austan hægur með lítilfjörlegum kafaldshrjónungi og 2 gr. frost. Þenna dag kom Guðmundur Skúlason að vitja mín að skíra barn fyrir sig, og fór fram í Bár og var þar um nóttina. Enginn maður kom til kirkju. *Bærilegur dagur.*

*Þriðjudagur 8. apríl,  
165. dagr vetrar, 15. dagr Einmánaðar*

Bærilegt veður um morguninn, austan hægur og dálítið frost. Hvessti þegar á leið morguninn landsunnan, og hljóp eptir hádegi í sunnan rok með blind-ófæru rok og ósköp svo allt varð ófært af vatnsgangi. Þenna dag fór eg og St. Danielsen út í Krossnes, skírt þar barn og annað á Hlein, og komist upp í Kirkjufell votur og illa til reika. *Blind ófær.*

*Miðvikudagur 9. Apríl.*

Vestan stormur með skúrum og krapa en gott veður á milli. Þenna dag komst jeg loksins heim, allur votur eptir ferðalagið, og syfjaður, því jeg hafði svo sem ekkert sofið. *Bærilegt veður.*

*Laugardagur 12. apríl,*

*169. dagr vetrar, 19. dagr Einmánaðar*

Sama veður, kyrrt veður. Austan að innanverðu, dálítið frost, um 2 gr. Þenna dag reið eg fram í Eyrarpláss og skýrði barn í Nýjubúð, barn á Eyri og barn í Móabúð. Kom aptur heim um kvöldið.

*Mánudagur 14. Apríl.*

Austan landsynnings hvassviðri með skúrum og þokugúlp allan daginn. Þenna dag fór eg að bæta og útbúa net. Nú er jörðin orðin auð og snjólaus, nema uppi í fjöllum. *Bærilegur dagur.*

*Sumarið 1890. Harpa byrjar*

Bætt og riðin net í 5 daga og þau lögð á sunnudagskvöldi.

*Fimmtudagur 24. apríl,*

*1. dagr sumars, 1. Dagr Hörpu.*

Norðan garðurinn sami, svo hvass að ekki varð vitjað um netin....Þenna dag bar ekkert markvert til tíðinda....(Var að fella net tvo daga)...

*Mánudagur 28. Apríl...*

Landsunnan stormur, þykkviðri 8 gr. hiti; rigning af og til. Þennan dag kom hjer Stefán í Grundarfirði. Kristján í Bár kom hjer líka. Raktir 2 vefir, og annar undinn upp á rifinn. *Bærilegur dagur. ...*

*29. Apríl:* Jóhannes kom og tók net sitt. Dregið í höfald og skeið og byrjað að vefa svuntuefni. Netin 3 lögð hjer um kvöldið í veðurbliðu og logni. *Góður dagur.*

*1. Maí ...* Hamrarar rjeru og komu vel fiskaðir í land. Skip sást leggja út eptir miðjan dag. – *Góður dagur.*

*Miðvikudagur 6. Maí*

*14. dagr Sumars, 14. Dagr Hörpu.*

Sama veðurbliðan. Logn; hulupykkni í lopti (útnyrðingur og landsynningur) 8 gr. hiti. Í netin um morguninn 5 sleppur og 2 rauðmagar; Bjarni ekkert. Börnin komu og voru spurð. Sýnd Haraldi synjun á fermingu dóttur hans (*aths.:daginn áður kom bréf frá biskupi um synjun á fermingarleyfi*). Hvessti sunnan með rigningu, þegar áleið daginn, og varð mjög þungbúinn og skuggalegur. Hljóp síðan fram á haf, og velti upp brimforáttu með þokusubbi um kvöldið.

*Sunnudagur 11. Maí, 5.S.e. páska*

*18. dagr sumars, 18. dagr Hörpu.*

Framan af degi hægur landsunnan; en þykkur í lopti; úrkomulítill framan af degi, en sá til sólar. Seinni part dags úkomulegri; Þykkri svo að ekki sá til sólar og hvass; stundum sunnan en optar landsunnan ekkert blíðviðrislegur. Engin börn koma til spurninga og enginn til kirkju. Halldór á Akurtröðum kom og hann og Rósa og Kristján spurð í 10. kaflanum. 4 fódurlömb komu; 1 frá Vatnabúðum, 1 frá Þakurtröðum, 1 frá Þórdísarstöðum og 1 frá Bár (bæði horuð). Carolína í Bár kom með 10 svartbaksegg (enginn fugl ennþá sestur upp í eygni). Í netin fengust um morguninn heilar 3 grásleppur, Bjarni fjekk 2 og 1 kvið.

65+3=68; 8+0=8

*Miðvikudagur 14. Maí*

*21. dagr Sumars, 21. dagr Hörpu.*

Norðan æsings garður, optar með þurru veðri og sólskin meiri hluta dagsins. Seinast um kvöldið hæggra veður, en þykkri og rigningarlegur. Spurð öll börnin og bóla sett á 5. Vitjað um netin; 1 tekið upp; í þeim voru aðeins 2 sleppur; Bjarni ekkert. 83+2=85; 9+0=9

## Melrakkaey í dagbókum sr. Jens V. Hjaltalín

### **Vorið 1885**

Yfirlit: Fyrri part maí skiptast á logn, blíðviðri og hiti og sunnan rokviðri, vestan gara stormur og norðan drífa kælu til 26. maí. Þá skellur á ösku norðan garður og helveðurs garður með kólgu og kulda til 31. maí. Stopult vitjað um grásleppunetin.

Mánudagur 1. júní.

--- Guðmundur Skúlason kom með 240 egg og 35 lunda.

### **1886-1887**

Yfirlit: Hiti 0-3 gr. frá 10 maí, veður misjafnt en vitjað um og ágæt veiði.

Þriðjudagur 18. maí.

--- Guðmundur Skúlason kom hjer úr eygni með 64 egg; dálíð var farið að verpa. Honum send 10 yfir um.

Sunnudagur 23. maí.

Guðmundur Skúlason kom með 60 egg og milli 60 og 70 af lunda úr eygni; fékk 10 hrognkelsi. ---

Laugardagur 29. maí.

--- Zakarías kom frá G.Sk. [Guðmundi Skúlasyni] með 94 egg og dún til hreinsunar. ---

Fimmtudagur 3. júní. Uppstigningardagur.

--- Hér komu: Þórður í Bár á kjörfundinn, Jóna í Krossnesi með 100 egg frá G.Sk. ---

Föstudagur 2. júlí. Þingmarium [?].

--- Reiddir út og bornir í Grafarnesi 110 hestar af mó; Hólmsfríður 1 dag í dún og 3 daga að bera út. Sveingerður 3 daga að bera út.

1889-1890; Sunnudagur 11. maí.

--- Carolina í Bár kom með 10 svartbaksegg (enginn fugl sestur upp í eygni).

Yfirlit: Vitjað um netin nokkuð reglulega fyrri part maí. Síðasta færsla er 20 maí. Ekkert kemur fram þar á milli um egg úr eygni. Veður 12.-17 maí er fyrst landsunnan stormur og þykkviðri, 6 gr. hiti og síðar norðan æsings garður með sólskini. Gengur niður og hlýnar fram til 20. maí.

Helstu heimildir um sr. Jens V. Hjaltalín.

Jens V. Hjaltalín (2008). „Kátlegur guðsmaður“: sjálfsævisaga séra Jens V. Hjaltalín. Inngangur, innihald og viðbætur, Torfi K. Stefánsson Hjaltalín. Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2008. Heimildaskrá bls. 171-175.

Jens V. Hjaltalín (1890). Kirkjugarðsvígsluræða. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Jens V. Hjaltalín (2008). Sjálfsævisaga. Í: Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar (2000-). Eyrbyggjar. Hollvinasamtök Grundarfjarðar, s. 155-255. Formáli eftir Jón Svan Pétursson. Sjálfsævisagan hefur verið til í ljósriti á Bókasafni Grundarfjarðar og víðar og birtist einnig í bókinni „Kátlegur guðsmaður“, (2008).

Oscar Clausen (1960). Kátlegur guðsmaður. Í: Við yl minninganna: endurminningar. Reykjavík : Bókfellsútgáfan, 1960. S. 189-219.

Oscar Clausen (1972). Séra Jens Hjaltalín. Í: Sögn og saga: fróðlegir þættir um ævikjör og aldarfar. [Hafnarfirði]: Skuggsjá, 1972-1974. S. 134-168.

Sigmar I. Torfason (1995). Skeggjastaðir: kirkja og prestar 1591-1995. [S.l.]: Sigmar I. Torfason: Mál og mynd. S.